

## **Ályktun – Jöfnuður og kjaramál Flokkstjórnarfundur Samfylkingarinnar Austurbæ 19. Október**

Flokkstjórnarfundur Samfylkingarinnar haldinn 19. október 2019 í Austurbæ í Reykjavík, tekur heils hugar undir kröfur BSRB og BHM um styttingu vinnuvikunnar. Í hálfra öld hefur vinnuvikan miðast við 40 stundir. Það er löngu tímabært að stíga nauðsynleg skref í átt til fjölskylduvænna samfélags með því að fækka vinnustundum launafólks hér á landi. Niðurstöður rannsókna sýna að styttri vinnuvika leiðir til aukinnar ánægju í starfi og meiri afkasta. Heilsa batnar, lífsgæði aukast og jafnrétti kynjanna verður meira.

Þá tekur flokkstjórnarfundurinn undir mótmæli ASÍ við áform ríkisstjórnarinnar um að efna ekki loforð um skattalækkunir til handa tekjulægstu hópum samfélagsins fyrr en núgildandi kjarasamningstímabil er hálfnað. Skattbyrði þess hóps hefur aukist umtalsvert umfram aðra á síðustu árum og þannig dregið verulega úr jöfnunarhlutverki skattkerfisins. Það er löngu tímabært að leiðrétta þetta misrétti. Nauðsynlegt er að líta til samspils tekjuskattkerfisins og vaxta-, húsnæðis- og barnabóta svo tryggt sé að skattalækkunir skili sér til lág- og millitekjufólks.

Það er óásættanlegt að ríkisstjórn Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks láti undir höfuð leggjast að innheimta aukin auðlindagjöld og hyggist hlífa hátekju- og stóreignafólki við skattlagningu á meðan innviðir samfélagsins, s.s. samgöngu- og velferðarkerfi líða fjárskort.

Flokkstjórnarfundurinn lýsir miklum áhyggjum af kjörum, álagi og starfsaðstæðum stórra kvennastétta í heilbrigðis- og menntakerfinu. Bæta þarf kjör þeirra sérstaklega í kjarasamningunum sem framundan eru. Auk bættra kjara verða stjórnvöld að móta og fjármagna menntastefnu sem vinnur gegn mönnunarvanda ef ekki á að fara illa fyrir íslensku velferðarsamfélagi.